

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 04 – 2023

Staður: Keldnaholt og Teams

Tími: Þriðjudagur 25. apríl 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson (Teams), Jóhannes Sveinbjörnsson, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson (Teams), Haukur Þórðarson (Teams), Þórunn Jónsdóttir (Teams), Ingvar Pétur Guðbjörnsson (Teams). Guðmunda Smáradóttir mannauðsstjóri sat fundinn undir 1. lið.

1. Jafnlaunavottun: Guðmunda kynnti málið: Fengum jafnlaunavottun 2020 og nú er komið að endurnýjun. Jafnlaunavottun var lögfest 2017 og miðar að því að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Viðmið Lbhí fyrir starfaflokka er gerð eftir fyrirmynd frá HÍ. Óútskýrður launamunur er 5,19 % konum í hag byggt á úttekt fyrir febrúar 2023.

2. Niðurstöður gæðaúttektar: Lítil breyting hefur orðið frá fyrri drögum nema leiðréttingar á staðreyndavillum. Rektor telur niðurstöðurnar góðar, athugasemdir í skýrslunni eru í samræmi við atriði sem koma fram í sjálfsmatsskýrslu. Þarf m.a. að vinna betur í gæðahandbók og verklagsreglum. Einnig þarf að samræma betur verkefni milli deilda, skilgreina samstarf betur, viðbrögð við endurgjöf nemenda og hvernig lagt er mat á vægi einstakra námskeiða í samræmi við vinnuálag nemenda. Mikilvægt að þýða meira af skjölum á ensku, uppfæra málstefnu o.s.frv. Lögð verður vinna í að yfirfara og bregðast við athugasemdum.

3. Reglur um doktorsnám Lbhí og reglur um doktorssjóð Lbhí – lögð fram drög að uppfærðum reglum til umræðu: Hlynur og Gunnhildur hafa yfirfarið þessar reglur og gert tillögur að breytingum/uppfærslu á reglunum. Þessar tillögur hafa verið lagðar fram í framhaldsnámsnefnd. Nokkur atriði eru þó sem þarf að kafa dýpra í áður en breytingar verða afgreiddar.

4. Stefnumótun Lbhí - umræður og niðurstöður funda með starfsmönnum: Haldnir hafa verið tveir fundir með starfsmönnum nú í mars og apríl. Þátttaka var góð, úrvinnsla er framundan. Fólk vill einfalda framsetningu stefnunnar, fækka jafnvel úr 6 köflum niður í 4. Fólk vill einfalda skipurit og margir vilja fækka deildunum, niður í 2 eða 1. Fjölgun nemenda á öllum námsstigum mikilvæg. Fjölga þarf starfsmönnum, jafna kynjahlutföll. Erum að vinna á spennandi sviðum en þurfum að skýra fókus og koma honum áleiðis út á við. Halda þarf áfram að efla erlend tengsl. Fremur jákvæð stemming var varðandi sameiningar við aðra háskóla/stofnanir en mikilvægt er að stefna stjórnvalda sé skýr um hvort á að fara í slíka vegferð áður en undirbúningsvinna færi í gang innan þeirra stofnana sem um ræðir.

5. Ársfundur og háskólafundur – dagskrá 16. maí – umræður:

Fundirnir eru á dagskrá 16. maí kl. 8-12 á Hótel Hilton. Yfirskrift ársfundar: Framtíð íslensks landbúnaðar – tækifæri og áskoranir. Ragnheiður kynnti drög að dagskrá. Kl. 10.20 hefst svo háskólafundur – Ragnheiður kynnti einnig drög að dagskrá hans. Dagskrá fundanna var rædd og verður kynnt fljótlega.

6. Umræða um starf rektors

Ragnheiður sækist eftir að vera annað tímabil og háskólaráð þarf að taka afstöðu til þess hvort ráðið geri það að tillögu sinni til háskólaráðherra að hún verði skipuð annað tímabil eða hvort staðan verði auglýst. Ragnheiður vék af fundi á meðan ráðið ræddi málið. Það var samþykkt samhljóða að mæla með því við háskólaráðherra að Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir verði skipuð rektor Lbhí annað fimm ára tímabil.

7. Mál til kynningar

Vinnuhópur norrænu ráðherranefndarinnar um loftslags- og loftmengunarmál kemur að Hvanneyri á fimmtudaginn.

Félag forstöðumanna stofnana ríkisins kemur að Hvanneyri sama dag.

Ársfundi Hvanneyrarbúsins verður framhaldið næsta laugardag og til umræðu eru m.a. tækjakaup.

Rætt var um jarðræktarmiðstöð, stöðu fjármögnunar og fyrirkomulag. Fundahöld um málið eru áformuð á næstu dögum.

Næstu fundir háskólaráðs:

23. maí kl. 13

14 júní kl 13 – með Bændasamtökunum.

Fundi slitið kl. 14.50